

DRÖG

# Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar



Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03 2026

## Ytri forsendur fjárhagsáætlunar 2026

### Lög og reglur

Markmið laga um opinber fjármál nr. 123/2015 er að stuðla að góðri hagstjórn og ábyrgri fjármálastjórn. Til að ná þessum markmiðum er mælt til þess að sveitarfélögin hafi hliðsjón af og tileinki sér eftirfarandi grunngildi við gerð fjárhagsáætlunar:

#### **Sjálfbærni - Varfærni – Stöðugleika – Festu – Gagnsæi.**

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli á ári hverju afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Nánari ákvæði er lúta að fjármálum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er að finna í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 skylda sveitarfélög til að fylgja tveimur fjármálareglum, svokallaðri jafnvægisreglu og skuldareglu.

#### **a) Jafnvægisreglan**

Samkvæmt jafnvægisreglu mega samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2024 sýndi jákvæða niðurstöðu að fjárhæð 559 m.kr. í A-sjóði og jákvæða niðurstöðu að fjárhæð 1.183 m.kr. í A og B sjóði. Árið 2023 var rekstrarniðurstaða jákvæð að fjárhæð 1.130 m.kr. í A- sjóði og jákvæð niðurstaða var í A og B sjóði að fjárhæð 1.642 m.kr.

#### **b) Skuldareglan**

Kveður á um skyldur sveitarstjórnar til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A – og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Alþingi samþykkti að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið, eða til enda ársins 2025, sbr. bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum. Markmið með þessum aðgerðum var að koma til móts við áætlað tekjufall sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19. Fjármálareglur taka gildi á ný á árinu 2026. Þegar fjármálareglur taka gildi árið 2026 mun jafnvægisreglan vegna fjárhagsáætlunar 2026 taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024, 2025 og áætlunar 2026.

**Fjárhagsleg viðmið Garðabæjar skv. sveitarstjórnarlögum 2020-2024 skv. ársreikningum:**

|                                    | 2024  | 2023  | 2022  | 2021  | 2020  |
|------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| <b>Jafnvægisregla</b>              | 4.098 | 3.343 | 2.474 | 1.715 | 2.092 |
| <b>Skuldaviðmið skv. reglugerð</b> | 97%   | 96%   | 84%   | 88%   | 71%   |

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð nr. 1212/2015 segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Fyrirliggjandi er þjóðhagsspá sem Hagstofa birti í júlí sl. Hagstofa mun birta endurskoðaða spá í október/nóvember nk.

**Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2025 – 2029 (frá júlí 2025)**

|                                               | 2025  | 2026  | 2027  | 2028  | 2029  |
|-----------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| <b>Verg landsframleiðsla (milljarðar kr.)</b> | 4.971 | 5.249 | 5.550 | 5.843 | 6.143 |
| <b>Verg landsframleiðsla (ársbreyting)</b>    | 8,11% | 5,6%  | 5,7%  | 5,3%  | 5,1%  |
| <b>Hagvöxtur</b>                              | 2,2%  | 2,5%  | 2,8%  | 2,5%  | 2,3%  |
| <b>Verðbólga (%)</b>                          | 3,8%  | 3,2%  | 2,6%  | 2,5%  | 2,5%  |
| <b>Atvinnuleysi (hlutfall af vinnuafli)</b>   | 4,0%  | 4,1%  | 4,0%  | 4,0%  | 4,0%  |
| <b>Launavísitala (ársbreyting, %)</b>         | 6,6%  | 4,2%  | 4,0%  | 4,1%  | 4,1%  |

**Nýlegar Verðbólguspár**

|                                        | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|----------------------------------------|------|------|------|------|------|
| <b>Hagstofa Íslands (júní 2025)</b>    | 3,8% | 3,2% | 2,6% | 2,5% | 2,5% |
| <b>Seðlabanki Íslands (ágúst 2025)</b> | 4,2% | 3,6% | 2,6% |      |      |
| <b>Íslandsbanki (maí 2025)</b>         | 3,9% | 3,5% | 3,5% |      |      |
| <b>Landsbankinn (apríl 2025)</b>       | 3,9% | 3,5% | 3,2% |      |      |
| <b>Arion banki (apríl 2025)</b>        | 3,6% | 3,6% | 3,2% |      |      |

Íslandsbanki hefur birt nýja spá fyrir árið 2025 og spá nú 3,8% verðbólgu fyrir árið 2025.

Arionbanki hefur birt nýja spá fyrir árið 2025 og spá nú 3.9% verðbólgu fyrir árið 2025.

## Innri forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2025

### Markmið við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2026

- Að niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni jákvæða afkomu að því gefnu að helstu hagstærðir þróist ekki á verri veg.
- Að útsvarshlutfall verði áfram 14,71%. Sem er lægsta hlutfall meðal stærslu sveitarfélaga landsins.
- Að álagningahlutfall fasteignaskatta verði lækkað.
- Að álögum á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er.
- Að ítrasta aðhalds verði gætt í rekstri bæjarins.
- Að skuldaviðmið Garðabæjar verði á svipuðum nótum og verið hefur undanfarin ár.
- Að áfram verði unnið að stafrænum lausnum og annarri eflingu þjónustu sem einfaldar líf og bætir lífsgæði bæjarbúa.
- Að fylgt verði samþykktum stefnum Garðabæjar um hin ýmsu mál.
- Að þjónusta við íbúa verði ávallt í forgangi.

### Tekjur:

#### Útsvar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið áætlar hækkun tekjuskatts og útsvarsstofns árlega miðað við hækkun launavísitölu og áætlunar um vinnumagn.

#### Spá um hækkun tekjuskatts/útsvarsstofns, breytingar frá fyrra ári, %.

|              | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|--------------|------|------|------|------|------|
| Útsvarsstofn | 8,3% | 5,8% | 5,6% | 5,4% | 5,2% |

Hag- og upplýsingasvið Sambands ísl. sveitarfélaga mun taka saman og birta í október nk. staðgreiðsluáætlun fyrir hvert sveitarfélag fyrir árið 2026.

#### Fasteignaskattur

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hækkar fasteignamat í Garðabæ um 9 % milli áranna 2025 og 2026. En hluti af hækkuninni er vegna fjölgunar eigna. Á árinu 2026 er stefnt að lækkun álagningarhlutfalls fasteignaskatts í Garðabæ.

## Jöfnunarsjóður

Tekjur Garðabæjar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa sveiflast nokkuð síðustu ár vegna breytinga sem gerðar hafa verið á úthlutunarreglum sjóðsins og eftir á leiðréttingum sjóðsins á einstökum framlögum. Ný lög um Jöfnunarsjóð sveitarféaga voru samþykkt á Alþingi í júlí 2025.

Þróunin hefur verið með eftirfarandi hætti:

### Skipting framlaga skv. ársreikningi í m. kr.

|                                                | 2021         | 2022         | 2023         | 2024         | 2025 áæ      |
|------------------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| <b>Útgjaldajöfnunarframlag</b>                 | 193          | 205          | 199          | 220          | 260          |
| <b>Grunnskólaframlag</b>                       | 313          | 285          | 391          | 653          | 530          |
| <b>Framlag v/sérþarfa fatlaðra</b>             | 97           | 100          | 104          | 117          | 133          |
| <b>Framlag v/nýbúafræðslu</b>                  | 15           | 23           | 23           | 30           | 27           |
| <b>Framlag vegna lengdrar viðveru fatlaðra</b> | 9            | 12           | 15           | 15           | 16           |
| <b>Framlag vegna málefna fatlaðra</b>          | 566          | 761          | 1.285        | 2107         | 2195         |
| <b>Framlag v/tónlistarnáms</b>                 | 33           | 40           | 39           | 38           | 35           |
| <b>Samþættingarframlag</b>                     |              | 41           | 43           | 44           | 40           |
| <b>Framlag v/gjaldfrjálsra skólamáltíða</b>    |              |              |              | 91           | 200          |
| <b>Samtals</b>                                 | <b>1.226</b> | <b>1.467</b> | <b>2.099</b> | <b>3.315</b> | <b>3.436</b> |

Tekjur Jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni sveitarfélaga. Framlög til einstakra sveitarfélaga ráðast af lögum og reglugerðum um sjóðinn. Jöfnunarsjóður mun birta áætlanir sínar um framlög einstakra deilda um leið og þær eru tilbúnar á tímabilinu september til nóvember nk. og mun þær áætlanir verða notaðar í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2026.

## Gjaldskár

Gjaldskrárhækkunum Garðabæjar hefur verið stillt mjög í hof á undanförunum árum og er stefnt að því að svo verði áfram, en eðlilegt er að hækka gjaldskrár reglulega m.t.t. verðlagshækkana.

Langtímakjarasamningar sem gerðir voru á árinu 2024 gera ráð fyrir að sveitarfélög hækki ekki gjaldskrár umfram hækkun á neysluverðsvísitölu. Fyrirliggjandi þjóðhagsspá frá júlí 2025 gerir ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 3,2% á árinu 2026.

## Gjaldahlið

### Launakostnaður:

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir í febrúar 2024. Um er að ræða 4 ára langtímasamning, svokallaðan stöðugleikasamning. Meginmarkmið samningsins er að skapa skilyrði fyrir minni verðbólgu, lægri vöxtum og stöðugleika.

Samkvæmt stöðugleikasamningnum er gert ráð fyrir að launataxtar hækki um um 3,5% á árunum 2025 -2027. Til viðbótar geta komið til greiðslu kauptaxtauka og framleiðniauka á samningstímanum. Endurskoðunarákvæði eru í samningnum í september 2025 og 2026.

Sveitarfélögin hafa samið undir merkjum almenna markaðarins að undanskildum samningum Kennarasambands Íslands. Samið var við KÍ um virðismatsvegferð sem fól í sér innaborgun og varð kostnaður vegna kjarasamninganna þannig hærri en hjá öðrum bandalögum.

Til viðbótar við kjarasamningsbundnar hækkanir getur verið að greiða þurfi út launatöflauka til alls félagsfólks innan vébanda heildarsamtaka þann 1. september 2026 og 2027 en það veltur á umfangi launaskriðs á almennum markaði. Launatöflauki tryggir að opinberir starfsmenn innan vébanda heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði.

Við gerð launaáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir öllum hækkunum sem þegar liggja fyrir skv. samþykktum kjarasamningum. Kjarasamningar hafa verið undirritaðir við alla viðsemjendur sveitarfélaga og er gildistími samninganna til 31. mars 2028.

### Annar rekstrarkostnaður:

Stærstur hluti almenns rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður eins og orka, húsnæðiskostnaður, tryggingar, vörukaup stofnana bæjarins, framlög til byggðasamlaga og kostnaður vegna ýmissa samninga og styrkja. Gert er ráð fyrir að hækka almenna rekstrarliði stofnana bæjarins um 4% til að mæta verðlagshækkunum. Rétt er að benda á að stór hluti annars rekstrarkostnaðar er tengdur launakostnaði eins og samningar við einkarekna skóla auk fjölmargra samninga um kaup á þjónustu svo sem á fjölskyldusviði og umhverfissviði.

Við innkaup á vöru og þjónustu verða útboð og verðkannanir áfram nýttar þar sem því er við komið þannig að ná megí sem hagstæðustu kjörum.

### Byggðasamlög:

Verið er að vinna að rekstraráætlunum byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu og er stefnt að því að þær verði lagðar fram eins fljótt og mögulegt er.

## Íbúafjölgun

Íbúar í Garðabæ eru 20.954 í lok júlí 2025.

Íbúapróun síðustu 5 ára hefur verið með eftirfarandi hætti:

|                   | 2021   | 2022   | 2023   | 2024   | 2025            |
|-------------------|--------|--------|--------|--------|-----------------|
| <b>Fjölgun</b>    | 4,0%   | 2,6%   | 3,1%   | 5,4%   | 4,9% (áætlað)   |
| <b>Íbúafjöldi</b> | 18.047 | 18.509 | 19.088 | 20.116 | 21.100 (áætlað) |

Íbúaspá næstu ár:

### Áætlun:

|                   | 2025   | 2026   | 2027   | 2028   |
|-------------------|--------|--------|--------|--------|
| <b>Fjölgun</b>    | 4,9%   | 4,0%   | 4,0%   | 4,0%   |
| <b>Íbúafjöldi</b> | 21.100 | 21.950 | 22.800 | 23.700 |

## Fjárfestingaáætlun

Fjárfestingaáætlun ársins 2026 verður lögð fram samhliða rekstraráætlun ársins. Mikil uppbygging á sér stað í Garðabæ á næstu misserum og árum, með tilheyrandi framkvæmdum og innviðauppbýggingu. Áhersla verður lögð á að leita ávallt hagkvæmra lausna við nýframkvæmdir. Í fjárfestingaáætlun verður einnig horft til viðhaldsverkefna á fasteignum, gatnakerfi og öðrum eignum.

Einnig verður gerð fjárfestingaáætlun fyrir árin 2027 – 2029.

## Óvissa

Helstu óvissuþættir í tengslum við útgefna þjóðhagsspá Hagstofu Íslands eru:

- Verðbólguþróun
- Náttúruhamfarir á Reykjanesi
- Þróun vaxta og væntingar um vaxtalækkun
- Alþjóðlegar efnahagshorfur
- Aukin spenna í alþjóðasamskiptum og stríðsátök.

## Tímalína fjárhagsáætlunarvinnu Garðabæjar

